

Aðalfundur GDLH fyrir starfsárið 2020 haldinn í húsakynnum ÍSÍ 9.febrúar 2021 kl 20 00.

- 1.Fundur Settur - Kjör fundarstjóra og ritara
2. Fundargerð síðasta aðalfundar
3. Skýrsla stjórnar – Erlendur Árnason
4. Ársreikningar lagðir fram – Ágúst Hafsteinsson
5. Skýrslur nefnda – Valdimar M. Ólafsson
6. Lagabreytingar
7. Ákvörðun félagsgjalda
8. Kosning stjórnar
9. Önnur Mál
10. Fundi slitið

1.Fundur settur af formanni Jóni Þorberg og býður hann fundargesti velkomna og gerir að tillögu að Darri Gunnarsson taki að sér fundarstjórn og Gísli Guðjónsson verði ritar fundar, samþykkt af fundargestum.

2.Darri tekur til starfa og óskar eftir samþykkt á fundargerð síðasta aðalfundar sem að liggur fyrir á heimasíðu félagsins. Fundargerð samþykkt.

3. Formaður fer yfir skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar GDLH starfsárið 2019-2020

Stjórn var skipuð eftirfarandi

Jón Þorberg Steindórsson Formaður
Reynir Örn Pálmason Meðstjórnandi/Varaformaður
Ágúst Hafsteinsson Gjaldkeri
Randi Holaker Ritari
Sigurður Sigurðarson Meðstjórnandi
Varastjórn
Darri Gunnarsson
Jóhann G. Jóhannesson

Á árinu voru haldnir sjö formlegir fundir stjórnar ásamt öðrum óformlegri fundum á samskiptaforritum sem að nýtt eru til þess.

Fram eftir ári var heldur dauft yfir mótahaldi sökum Kórónaveirunnar og félög heldur sein í gang að sækja um dómara á gæðingamót og þurfti að ýta við þeim nokkrum, þess vegna fór úthlutun dómara heldur seinna fram en ætlað var af hendi stjórnar í upphafi árs. Mótahald fór samt sem áður af stað með góðum þunga þegar að leið á vorið og sumarið.

GDLH hélt Meistaramót Íslands í samstarfi við Geysi og voru þátttakendur um 160 sem að var talsverð fjölgun frá árinu áður. Á mótinu var m.a. keppt í Gæðingatölti sem að nú hefur verið samþykkt sem lögleg keppnisgrein og spennandi verður að fylgjast með þróun hennar á næstu árum.

Stjórn og fræðslunefnd hafa unnið saman að útfærslu á Gæðingatölti og WR mótum sem að voru sett af stað hér á landi, þrjú WR mót voru haldin hérlendis í ár. WR keppnisfyrirkomulagið vakti mikla athygli erlendis og var mikill áhugi á að halda slík mót. Því miður náðist ekki að koma þeim af stað vegna þeirra takmarkana sem að mörg nágrannalönd okkar hafa búið við þetta árið og mót hafa verið í mun færra lagi en áður, en vonandi fer nú að léttast á þeim málum.

Í ágúst barst bréf frá stjórn FEIF til GDLH og LH um beiðni til viðræðna um hvort vilji væri til þess að færa GK inn til FEIF. Stjórnir beggja félagar tóku jákvætt í erindið og í framhaldi var skipuð fjögurra manna nefnd til þess að ræða við FEIF, í nefndinni sitja Jón Þorberg og Valdimar Ólafsson GDLH og Ágúst Hafsteinsson og Oddún Ýr Sigurðardóttir fyrir LH, fyrir Feif er Alexandra Montan. Einn formlegur fundur hefur verið haldinn og mun sá næsti fara fram fljótlega.

GDLH sendi athugasemd við framkvæmd á Metamótinu til keppnisnefndar LH, skráður yfirdómari á kappreiðum var gæðingadómari og upp kom á mótinu álitamál um þátttöku keppanda í tveimur skeiðgreinum á sama hesti, mótsskýrsla var kolröng og rangur dómari látinn bera ábyrgð í skýrslu á því sem fór fram á meðan kappreiðum stóð. Stjórn hefur sent erindi til LH og óskað eftir því að kannað verði hvenær gæðingadómarar misstu réttindi sín sem fullgildir dómarar við skeiðkappreiðar og að leitað verði eftir því að þau verði fullgilt aftur.

Málefni GK í Þýskalandi hafa verið rædd við IPZV og hefur þeim miðað vel og nú loksins virðist vera niðurstaða að nást í þeim málum .IPZV hefur verið gert ljóst að keppninni sjálfri í framkvæmd og í því laga og reglna umhverfi sem að hún er í verður ekki breytt til þess að ná saman í þessu máli, GDLH sendi bréf á stjórn LH og bað um að sent yrði bréf til IPZV og félagið minnt á það að Gæðingakeppnin væri íslensk og skyldi vera framkvæmd á réttan hátt með m.a. dómurum með réttindi til þess að dæma hana. Ekki væri í lagi að halda mót hingað og þangað í Þýskalandi undir merkjum GK án þess að farið sé eftir lögum og reglum LH. Menntamálin hafa vegið þungt í viðræðum við Þjóðverja, en GDLH hefur tekið það skýrst fram að IPZV sé frjálst að senda þá nemendur sem að þeir telja hæfa til þess að spreya sig á prófum hjá okkur, líkt og aðrar Þjóðir hafa gert.

En umfram allt þurfum við líka að huga að grasrótinni hér á Íslandi og GDLH mun róa öllum árum til þess áfram.

3. Ársreikningar, Ágúst Hafsteinsson gjaldkeri fór yfir rekninga félagsins. Félagið stendur vel, ekkert sem að félagið skuldar og engar óinnheimtar kröfur.

Engin umræða um reikninga.

4. Skýrsla fræðslunefndar.

Valdimar Ólafsson formaður fræðslunefndar fór yfir starfið.

Fræðslunefnd skipa.

Valdimar Ólafsson formaður

Gísli Guðjónsson

Valur Valsson

Stefán Ágústsson

Sindri Sigurðsson

Marjolijn Tiepen

Í Svíþjóð 6.-8. mars var haldið ný og landsdómaranámskeið, einn Landsdómari útskrifaðist og þrír nýdómarar.

Endurmenntun á Íslandi í Danmörku og Noregi fór fram á þann hátt að sendir voru hestar á dómara ásamt hestum sem þurfti að lýsa líkt og í rubrix prófi.

Var þetta gert í ljósi samkomutakmarkana sem að voru tekin gildi hér á landi sem annarsstaðar.

Í umræðum um skýrslu fannst fundargestum vel hafa verið brugðist við í þessum aðstæðum.

5. Lagabreytingar

Tillaga að breytingu á lögum

Tillagan er svo hljóðandi eins og hún er í dag.

4. gr er

Lágmarksaldur félagsdómara er 20 ár.

Félagsdómarar hafa rétt til að dæma öll almenn hestamót, þó ekki landsmót.

Landsdómarar einir hafa rétt til að dæma á landsmótum og vera leiðbeinendur á námskeiðum félagsins um dómaramál.

Til að hljóta landsdómararéttindi skal félagsdómari hafa dæmt í minnst tvö ár og staðist próf sem fræðslunefnd G.D.L. H. heldur.

Tillaga að breytingu 4 . gr er eftirfarandi sjá feitletrað

4. gr verður

Lágmarksaldur félagsdómara er 20 ár.

Félagsdómarar hafa rétt til að dæma öll almenn hestamót, þó ekki landsmót. Til að hljóta félagsdómara réttindi skal viðkomandi standast nýdómara námskeið sem fræðslunefnd G.D.L.H stendur fyrir og fær fullgild réttindi eftir að hafa ritað tvö lögleg mót með Landsdómara.

Landsdómarar einir hafa rétt til að dæma á landsmótum og vera leiðbeinendur á námskeiðum félagsins um dómaramál.

Til að hljóta landsdómararéttindi skal félagsdómari hafa dæmt í minnst fimm ár ásamt því að hafa dæmt að minnst 20 lögleg mót og staðist próf sem fræðslunefnd G.D.L. H. heldur.

Með Kveðju Valdimar Ólafsson.

Umræður um tillögu, breytingartillaga kom fram sem var samþykkt á þessa leið:

[4.gr](#) Lágmarksaldur félagsdómara skal vera 21 ár og skulu þeir rita tvö mót með Landsdómurum áður en þeir teljast fullgildir dómarar.

[4.gr](#). Til þess að þreyta Landsdómarapróf

þarf dómari að hafa verið með réttindi í amk 5 ár og hafa dæmt 10 lögleg gæðingamót á því tímabili þar sem boðið er uppá alla flokka nema c flokka og gæðingatölt.

6. Ákvörðun félagsgjalda.

Félagsgjöld verða óbreytt kr. 3000.

7. Kosningar

Í kjöri til formanns er Jón Þorberg, ekkert mótframboð og hann því sjálfkjörinn.

Í kjöri til næstu tveggja ára eru Sigurður Sigurðarson og Reynir Örn Pálmason, engin mótframboð og þeir því kosnir áfram til tveggja ára.

Darri Gunnarsson gefur ekki kost á sér til setu í varastjórn og þakkar stjórn honum hans störf og samstarfið.

Í framboði til varastjórnar eru Jóhann G.Jóhannesson og Davíð Jónsson og hlutu þeir báðir kosningu í varastjórn.

Stjórn GDLH er því þannig skipuð 20-21

Jón Þorberg formaður
Ágúst Hafsteinsson gjaldkeri
Randi Holaker ritari
Sigurður Sigurðarson meðstj.
Reynir Örn Pálmason meðstj/varaform.
Davíð Jónsson varastjórn
Jóhann G.Jóhannesson varastjórn

8.Önnur mál.

Sigurbjörn Bárðarson tekur til máls og ræðir vítt og breytt um gk, hefur aðeins áhyggjur af gæðingatölti hvort að það sé grein sem að komi til með að laða að.

Snorri Dal tekur undir orð SB og telur að greinin sé of mikið í anda T7.

Sigurður Ævarsson spyr stjórn hvort að standi til að kæra LH til ÍSÍ vegna afskipta af niðurstöðu aganefndar LH v/Metamóts.

Jón Þorberg svara því að ekki sé það ætlun, hins vegar hafi GDLH gert athugasemdir við aðkomu stjórnar LH á þessum tímavarki í málinu, og arettaði enn frekar til dómara og þeirra keppanda sem að á mótum eru að kynna sér reglur og því betur þegar að svona mál kemur uppá og ekki síður þegar að bent hefur verið á það á mótsstað.

Ólafur Árnason gerir tillögu að hækkun tímagjalds dómara í átt að tímagjaldi íþróttadómara, tillaga rædd en felld með meirihluta.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 21 45.